



- ▶ Sækja verður um leyfi til að **breyta deiliskipulagi**, t.d. vegna óska um breytta notkun húsnæðis, aukna nýtingu á lóð, breytingu á byggingarreit, byggingarmagni, lóðarmörkum auk breytingu á fyrirkomulagi á lóð frá samþykktu deiliskipulagi.
- ▶ Forsendur þess að tekið sé við umsókn um breytingu á deiliskipulagi er að umsækjandi sé lóðarhafi, húseigandi eða umboðsmaður hans, að umsóknareyðublað sé rétt útfyllt og nauðsynleg fylgigögn liggja fyrir. Ef umsókn uppfyllir þessi skilyrði er ferillinn þessi:
 1. Tekið er við umsókn hjá skipulagsfulltrúa.
 2. Umsókn skráð í gagnagrunn skipulagsfulltrúa.
 3. Umsókn yfirfarin af starfsmönnum skipulagsfulltrúa; hverfisarkitektum, og metið hvort breytingin komi til álita. Eftir yfirferð hverfisarkitekta er umsóknin lögð fyrir embættisafgreiðslufund skipulagsfulltrúa til afgreiðslu. Umsækjendur fá tilkynningu um afgreiðslu málsins með rökstuðningi ef umsókn er ekki samþykkt.
 4. Ef um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi ákveður skipulagsfulltrúi að fram skuli fara grenndarkynning þar sem þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna og er þeim gefinn 4 vikna frestur til að senda inn athugasemdir. Að lokinni grenndarkynningu er málinu vísað til afgreiðslu skipulagsráðs með umsögn skipulagsfulltrúa um athugasemdir ef einhverjar eru.
 5. Ef um er að ræða verulega breytingu á deiliskipulagi skal fara með hana eins og um nýtt deiliskipulag sé að ræða og tillögunni þá vísað til meðferðar skipulagsráðs til ákvörðunar um auglýsingu. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi skal auglýst með áberandi hætti og þar skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en fjórar vikur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en sex vikur frá birtingu auglýsingar. Að lokinni auglýsingu er málinu vísað til afgreiðslu skipulagsráðs með umsögn skipulagsfulltrúa um athugasemdir ef einhverjar eru.
 6. Ef tillaga að breytingu á deiliskipulagi er samþykkt á fundi skipulagsráðs er hún send borgarráði til staðfestingar. Að því loknu er hið samþykktu deiliskipulag sent Skipulagsstofnun og ef ekki eru gerðar athugasemdir þar er birt auglýsing um samþykkt deiliskipulag í B-deild Stjórnartíðinda.
- ▶ Ef umsókn um breytingu á deiliskipulagi er synjað getur umsækjandi kært afgreiðslu til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Hið sama gildir um nágranna eða aðra hagsmunaaðila sem ekki vilja una samþykkt slíkrar umsóknar. Úrskurðarnefndin er með aðsetur að Skúlagötu 21 í Reykjavík.
- ▶ Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu skipulagsráðs skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal því beint til skipulagsráðs að mál verði tekið upp að nýju.

▶ Upplýsingar

Sótt er um breytingu á deiliskipulagi á stöðluðu umsóknareyðublaði til afgreiðslu skipulagsfulltrúa, skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur, Borgartúni 3, 105 Reykjavík, sími 411 3000, netfang: skipulagsfulltrui@rvk.is. Afgreiðslan er opin frá 10:00 – 16:15. Umsóknareyðublöðin liggja jafnframt frammi í upplýsingaskála sviðsins og til útprentunar á heimasíðu sviðsins www.skipbygg.is. Umsókn ber að skila viku fyrir embættisafgreiðslufund skipulagsfulltrúa, sem er haldinn hvern föstudag. Ekki skal greiða sérstakt gjald vegna umsókna. Umsækjandi lætur þó vinna tillögur að breytingum á eigin kostnað.

Til þess að tekið sé við umsókn um breytingu á deiliskipulagi þarf að fylla út þar til gert umsóknareyðublað og leggja fram öll gögn sem nauðsynleg eru og talin upp í reit 4 á umsóknareyðublaði. Ef umsóknin uppfyllir ekki gerð skilyrði er ekki tekið við henni auk þess sem öll önnur gögn verða að uppfylla ákvæði skipulagsreglugerðar eftir því sem við á. Starfsmenn í afgreiðslu skipulagsfulltrúa og í upplýsingaskála gefa upplýsingar um afgreiðslu umsókna en þær er jafnframt hægt að nálgast á heimasíðu skipulags- og byggingarsviðs.